

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

32. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 8. janúar kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1. Fundur jafnframt haldinn í fjarfundi.

Mætt voru: Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Birgir G. Ragnarsson. Steinn Ingi Kjartansson var í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Kröfur Óbyggðanefndar á hendur Súðavíkurhreppi
2. Stefnumörkun fyrir félög Súðavíkurhrepps
3. Fundargerðir nefnda og félaga
4. Umsagnarmál - alþingi
5. Leigusamningur

Afgreiðsla erinda:

1. Kröfur Óbyggðanefndar á hendur Súðavíkurhreppi
Kröfur óbyggðanefndar ræddar og viðbrögð Súðavíkurhrepps gagnvart þeim. Sveitarstjórn ákveður að veita Sigurði Sigurjónssyni Hrl. og Lögfræðipjónustu Sigurðar Sigurjónssonar umboð til þess að gæta hagsmuna fyrir Súðavíkurhrepp.
2. Stefnumörkun fyrir félög Súðavíkurhrepps
Farið yfir leigusamninga, lóðarmál og nýtingu eigna sveitarfélagsins bundin í eignum og félögum Súðavíkurhrepps. Ákveðið að stefna að aukinni nýtingun fasteigna m.t.t. leigusamninga í því skyni að auka tekjur sveitarfélagsins og endurspegla notkunarmöguleika og eftirspurn. Ákveðið að stefna að samræmingu reglna við útleigu fasteigna m.t.t. trygginga, úttekt húsnæðis og umgengnisreglur. Stefnt að samræmingu allra samninga, nýrra og fyrirliggjandi fyrir næsta fastan fund sveitarstjórnar.
3. Fundargerðir nefnda og félaga
Fundargerð 15. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 7. Janúar 2021 – Karl Guðmundur Kjartansson vék af fundi undir þessum lið. Fundargerð staðfest. Karl Guðmundur Kjartansson kemur aftur inn á fund.
4. Umsagnarmál – alþingi
Lagt fram til kynningar og umsagnar. Umsögn vegna frumvarps Umhverfis- og auðlindaráðherra – þingskjal 461 mál nr. 369 á 151. löggjafarþingi 2020-2021: Súðavíkurhreppur treystir þeim sveitarfélögum sem landa eiga og fara með skipulagsvald á því svæði sem ætlað er undir hálendisþjóðgarð að fara með skipulagsvaldið með bestu hagsmuni í huga og rækja þar með sjálfsákvörðunarrétt sem sveitarfélögum er falið lögum samkvæmt og stjórnarskrá.

5. Leigusamningur ofl.

Frumvarp til úthlutunarreglna byggðakvóta. Karl Guðmundur Kjartansson vék af fundi undir þessum lið. Staðfest af sveitarstjórn.

Karl Guðmundur Kjartansson kemur aftur inn á fund.

Reglur Súðavíkurrepps um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn frá tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021. Reglur staðfestar.

Leigusamningur vegna Holtagötu 5. Bragi Þór Thoroddsen vék af fundi undir þessum lið.

Leigusamningur staðfestur af sveitarstjórn.

Samningur vegna refaveiða. Sveitarstjórn leggur til endurskoðun m.t.t. skiptingar veiðisvæða.

Ákvörðun um fyrirkomulag frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:10

Karl Guðmundur Kjartansson

Elsa G. Borgarsdóttir

Birgir G. Ragnarsson

Steinn Ingi Kjartansson

Samúel Kristjánsson oddviti